



# Verkalýðsfélag Vestfirðinga

---

Málsaðili: Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Ísafirði, 22. september

**Efni: Ályktun 43. Þings ASÍ 24. – 26. október 2018 um fjárfestingar lífeyrissjóða í fyrirtækjum sem borga ofurbónusa til stjórnenda og óhóflegar arðgreiðslur til eigenda.**

Í aðdraganda efnahagshrunsins 2008 þurfti íslenskt launafólk að horfa upp á eigendur og stjórnendur stórfyrirtækja taka sér ofgnótt fjármagns til eigin handa í formi ofurbónusa og arðgreiðslna. Eftir hrunið var lagt ofurkapp á að bjarga fjármálakerfinu og stórfyrirtækjum. Í þeirri baráttu var algerlega sniðgengið að bjarga íslensku launafólki sem var látið að borga brúsann.

Ofurbónusar stórfyrirtækja eru að hefja innreið sína í íslenskt samfélag að nýju eftir stærsta efnahagshrun okkar Íslendinga í seinni tíð. Launafólki hefur verið fórnað á altari græðginnar og vill ekki færa slíkar fórnir aftur. Nú verður ekki annað séð en að efsta lag samfélagsins ætli enn og aftur að grafa í vasa launafólks og taka til sín fúlgur fjár. Á sama tíma sameinast Ríkisvaldið og Samtök Atvinnulífsins um að segja launafólki að ekki sé svigrúm til launahækkana til handa þeim lægst launuðu. Í þeim töluðu orðum hækka sömu aðilar laun ráðamanna og æðstu stjórnenda um hundruði þúsunda á mánuði.

Í ljósi þeirrar einbeittu yfiringarsstefnu sem ríkir gagnvart þeim sem minnst hafa fer Verkalýðsfélag Vestfirðinga þess á leit við 43. þing ASÍ að eftirfarandi ályktun verði samþykkt:

*Þróunin frá hruni hefur verið á þann veg að þeir sem minnst hafa fá ennþá minna, og þeir sem mest hafa fá ennþá meira. Íslenskum almenningi hefur verið fórnað á altari fjármálakerfisins og nú á að dusta rykið af altarinu á nýjan leik. Ofurbónusar og risavaxnar arðgreiðslur eru að hefja innreið sína í íslenskt samfélag að nýju og misskipting eykst sem aldrei fyrr. Að hluta til er sú misskipting í boði lífeyrissjóðanna sem eru eign okkar, slíkt er algerlega ólíðandi. Þess vegna beinir 43. þing ASÍ þeim tilmælum til fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar sem sitja í stjórnnum lífeyrissjóða að beita sér fyrir því að:*

- *Lífeyrissjóðir fjárfesti ekki í fyrirtækjum sem greiða ofurbónusa og óhóflegar arðgreiðslur út til eigenda.*
- *Lífeyrissjóðir minnki eignarhald sitt verulega í fyrirtækjum sem greiða ofurbónusa og óhóflegar arðgreiðslur út til eigenda.*
- *Lífeyrissjóðir minnki viðskipti við fyrirtæki sem greiða ofurbónusa og óhóflegar arðgreiðslur út til eigenda.*

*Munið, kæru stjórnarmenn lífeyrissjóða, að þið eruð fulltrúar launafólks, ekki atvinnurekenda.*